

Fimmtudaginn 18. janúar 1996.

Nr. 28/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

**Daníel Birgi Ívarssyni**

(Sigríður Logadóttir hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar, þó þannig, að fallið er frá kröfu um gæsluvarðhald á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Fallist verður á það með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. janúar 1996.**

Ár 1996, föstudaginn 12. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Daníel Birgi Ívarssyni, kt. 280173-3989, Björtuhlíð 13, Mosfellsbæ, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánuðagsins 26. febrúar 1996 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

---

Hinn 19. nóvember 1995 var kærða veitt skilorðsbundin reynslulausn af 180 daga eftirstöðvum refsingar í eitt ár af tveimur refsidómum, sem hann hlaut árið 1994. Kærði hefur játað á sig tvö innbrot síðan þá, annað í desember 1995 og hitt í gær. Samkvæmt sakavottorði hefur kærði hlotið fimm refsidóma fyrir hegningarlagabrot og brot á lögum um ávana- og fíkniefni á árunum 1990-1994, í öll skiptin fyrir þjófnaðarbrot auk annarra brota. Kærði kveðst hafa framið síðustu tvö innbrotin af sjálfsbjargarviðleitni, þar eð hann hafi ekki fengið aðstoð félagsmálayfirvalda.

Af framangreindu og gögnum málsins þykir verða að fallast á það með Rannsóknarlögreglu ríkisins, að ætla megi, að kærði muni halda áfram brotum, á meðan málum hans er ólokið, ef hann sætir ekki gæsluvarðhaldi. Þykir því rétt að fallast á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Daníel Birgir Ívarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 26. febrúar 1996 kl. 16.00.

---